

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar.

Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

Hvernig trygging er Ferðatrygging Platínukorta Landsbankans?

Ferðatryggingin verndar korthafa fyrir fjárhagslegum skakkaföllum á ferðalögum. Í tryggingunni er innifalin ferðaslysatrygging sem tryggir váttryggða fyrir slysum á ferðalagi, sjúkratrygging, samfylgd í neyð, ferðarofstrygging, farangurs- og innkaupatrygging, farangurstafatrygging, forfallatrygging og ábyrgðartrygging.

Bílaleigutrygging er einnig innifalin í tryggingunni.



Hvað bætir tryggingin?

Ferðaslysatrygging

- ✓ Varanlega læknisfræðilega örorku vegna slysa sem verða á ferðalagi, þó einungis ef örorka er metin 16% eða hærri.
- ✓ Dánarbætur vegna slysa sem verða á ferðalagi.

Sjúkrakostnaður

- ✓ Sjúkrakostnað á ferðalagi erlendis þ.m.t. læknis- og sérfræðikostnað, sjúkrahúsvist, lyfjakostnað ásamt kostnaði við sjúkraflutning og flutning jarðneskra leifa váttryggðs.

Ferðarofstrygging

- ✓ Nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands ef váttryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra veikinda náins ættingja váttryggðs.
- ✓ Nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands ef váttryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna verulegs eignartjóns á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans.

Forfallatrygging

- ✓ Ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram og ekki fæst endurgreiddur ef váttryggður kemst ekki í ferð vegna t.d. slyss, veikinda eða andláts.



Hvað bætir tryggingin ekki?

Ferðaslysatrygging

- ✗ Bætur greiðast eingöngu leiði slysið til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi.
- ✗ Látist váttryggður 18 ára eða yngri vegna afleiðinga slyss takmarkast bætur við 10% af hámarksfjárhæð dánarbóta.
- ✗ Örorku og dánarbætur skerðast árlega um 10% eftir að váttryggður nær 60 ára aldri. Þó aldrei meira en 80%.

Sjúkrakostnaður

- ✗ Kostnað vegna sjúkdóma, veikinda eða slysa sem váttryggður hefur þjáðst af eða notið læknishjálpar og/ eða meðferðar á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.
- ✗ Kostnað sem greiddur er samkvæmt gagnkvæmum samningi sem Sjúkratrygging Íslands eru aðilar að.
- ✗ Kostnað við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.
- ✗ Tjón sem rekja má til þess að váttryggður mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða ef heimkomudagur var eftir 32. viku meðgöngu.
- ✗ Tjón sem rekja má til þess að váttryggður ferðast gegn ráðgjöf starfandi læknis eða í þeim tilgangi að leita læknismeðferðar erlendis.
- ✗ Sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá váttryggingaratburði.

Ferðarofstrygging

- ✗ Félagið greiðir hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanlandsferð í stað þeirrar er rofin var.

Samfylgd í neyð

- ✓ Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað vegna ættingja eða vinar vátryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir vátryggðum heim samkvæmt læknisráði og í samráði við SOS INTERNATIONAL eða félagið, vegna alvarlegs slyss eða veikinda vátryggðs.

Endurgreiðsla ferðar

- ✓ Hlutfallslega óafturkræfan ferðakostnaði, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem vátryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf að fara heim eða þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.
- ✓ Skriflegt læknisráð, samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL þarf að liggja fyrir.

Sjúkradagpeningar

- ✓ Dagpeninga, kr. 4.800 á dag í allt að 30 daga ef vátryggður liggur á sjúkrahúsi erlendis vegna slyss eða veikinda á ferðalaginu.

Farangurs- innkaupatrygging

- ✓ Tjóns sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningssslyss.

Farangurstöf

- ✓ Fáí vátryggður farangur sinn ekki afhentan innan 8 klst. eftir að áfangastað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu, greiðast bætur til kaupa á nauðsynjum fyrir hvern vátryggðan.

Ferðatöf

- ✓ Fari svo að verkfallsaðferðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun valdi töfum á ferðum almenningsfarartækis og það leiði til seinkunar á komutíma vátryggðs til ákvörðunarstaðar, greiðast bætur eftir 12 klst. töf. fyrir hvern vátryggðan 16 ára og eldri. Greitt til þriggja vátryggða að hámarki vegna hvers tjónsatburðar.

Mannránstrygging

- ✓ Dagpeningar greiðast verði vátryggðum rænt á ferðalagi erlendis og haldið í gíslingu.

Ábyrgðartrygging

- ✓ Líkamstjón eða tjón eða skemmdir á munum er leiðir af bótaskyldri háttsemi vátryggðs.

- ✗ Kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi þjáðist af, þegar staðfestingargjald var greitt.
- ✗ Kostnað við heimferð, ef ekki liggur fyrir fram greiddur kostnaður við heimferð.

Forfallatrygging

- ✗ Forföll vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt.
- ✗ Tjón sem stafa beint eða óbeint af tilskipunum stjórnvalda (nema þeim er varða skyldusóttkvi).
- ✗ Tjón sem stafa beint eða óbeint útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða.
- ✗ Tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að fella ferð niður.
- ✗ Tjón sem stafa af fjárhagserfiðleikum eða gjaldþroti ferðaskrifstofa og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutninga.

Endurgreiðsla ferðar

- ✗ Ferð sem varir 5 daga eða skemur.

Sjúkradagpeningar

- ✗ Fyrir fyrstu tvo dagana sem sjúkrahúsvistin varir.
- ✗ Vegna barna yngri en 16 ára.

Farangurs- og innkaupatrygging

- ✗ Tjón sem verður þegar vátryggður gleymir hlut, skilur eftir eða týnir honum.
- ✗ Hærrí upphæð en 160.000 kr. fyrir einstakan hlut.
- ✗ Skemmdir sem hljóta af mölflugum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu eða eðlilegu sliti.
- ✗ Skemmdir vegna vökva, matvæla eða annarra smitandi efna.
- ✗ Tjón á frímerkjum, peningum og hvers kyns verðmætum.
- ✗ Tjón vegna skemmda á töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.

Farangurstöf

- ✗ Bætur vegna tafa á farangri þegar vátryggður er á heimleið.
- ✗ Bætur ef töfin stafar af því að vátryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmark viðkomandi flugfélags/ flugvallar kveða á um athugasemd er gerð um farþökun.

Ferðatöf

- ✗ Ef töf stafar af því að váttryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmark viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun.

Ábyrgðartrygging

- ✗ Tjón vegna notkunar eða umráða vélknúinna ökutækja, ábyrgðar á dýrum sem tilheyra váttryggðum eða ábyrgðar vegna eignarhalds á landi og byggingum.
- ✗ Tjón vegna notkunar skotvopna, fallhlífurstökks, svifflugs, svifdrekaflugs, loftbelgsflugs, skipulagðra íþróttar og atvinnu, sem talist getur lífshættuleg.
- ✗ Tjón á hlutum í eigu þriðja aðila sem skemmast eða týnast á meðan þeir eru í vörslu váttryggðs.

Almennar takmarkanir á bótaskyldu

- ✗ Tjón sem bein eða óbeint leiðir af beitingu eða notkun hvers kyns kjarnorkuvopna eða kjarnorkubúnaðar sem orsakað getur sprengingu, geislun, losun, dreifingu, sleppingu eða leka kjarnakleyfs efnis sem gefur frá sér geislavirkni og veldur varanlegri örorku eða dauða váttryggðs.
- ✗ Beitingu eða notkun efnavopna sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu, eða leka hvers kynefnasambands í föstu formi, fljótandi eða loftkenndu og veldur varanlegri örorku eða dauða váttryggðs.
- ✗ Beitingu/notkun líffræðilegra vopna, sem orsakar losun, dreifingu, sleppingu eða leka hvers kyns sjúkdómsvaldandi örvera, lífrænt framleiddra eiturefna (að meðtöldum erfðabreyttum lífverum eða óþekktum eiturefnum) sem veldur varanlegri örorku eða dauða.
- ✗ Stríði, innrás, hernaðaráttökum, borgarastríði, uppreisn, byltingu, vopnaðri baráttu gegn stjórnvöldum, borgararóstum sem jafna má við uppreisn, valdatöku hers eða valdarán.
- ✗ Tjón sem beint eða óbeint leiðir af bifreiða- og vélaíþróttum eða notkun vélhjóla, hvort sem váttryggður er ökumaður eða farþegi.
- ✗ Tjón vegna slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns íþróttum nema um sé að ræða börn yngri en 16 ára.
- ✗ Tjón sem beint eða óbeint leiðir af flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Vátryggðum ber að gæta þess vandlega að fyrirbyggja eftir megni slys, meiðsl og sjúkleika.
- ! Vátryggður skal loka gluggum og læsa hífylum og öðrum stöðum þar sem hinir vátryggðu munir eru skildir eftir. Vátryggður skal ekki skilja við vátryggða muni eftirlitslausa á almannafæri.
- ! Vátryggður skal sjá til þess að hinir vátryggðu munir séu í viðeigandi og fullnægjandi umbúðum til að þola flutning.
- ! Vátryggður skal ávallt læsa ferðatöskum sínum þegar þær eru ekki í umsjá hans.
- ! Vátryggður ber að halda persónulegum lausafjármunum sínum vel við og umgangast persónulega lausafjármuni sína með tryggilegum hætti.



Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir á á ferðalögum erlendis í allt að 90 samfellda ferðadaga og á Íslandi hafi a.m.k. helmingur ferðarinnar verið greiddur með kortinu. Nánari upplýsingar um gildissvið má finna í skilmála tryggingarinnar.



Hverjar eru skyldur hins tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Tilkynna ber félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið.
- Sjúkrareikningar skulu berast innan tólf mánaða frá vátryggingaratburði.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.
- Gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að sanna að tjónsatburður hafi átt sér stað. T.d. skal hinn tryggði tilkynna viðeigandi yfirvöldum um þjófnað, rán eða innbrot og fá skýrslu þar um.
- Læsa húsum, herbergjum, hífylum og öðrum stöðum þar sem verðmæti eru geymd.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjald tryggingarinnar er innifalið í árgjaldi kortsins. Vátryggður greiðir því ekki sérstakt iðgjald til Varðar.



Hvenær hefst vátryggingarverndin og hvenær lýkur henni?

Vátryggingin gildir út gildistíma kortsins.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Þar sem Landsbankinn er váttryggingartaki getur váttryggður, þ.e. korthafi, ekki sagt tryggingunni upp með hefðbundnum hætti.